



PLANIÐ

FRAMVINDA

2011

16. mars 2012

Efnisyfirlit

1 Inngangur	3
2 Mælaborð	4
2.1 Heildarárangur	4
2.2 Áhrif ytri breyta F4	5
2.3 Frestun fjárfestinga í fráveitu	7
2.4 Lækkun fjárfestinga í veitukerfum	8
2.5 Lækkun annarra fjárfestinga	9
2.6 Hækkun gjaldskrár	10
2.7 Lækkun rekstrarkostnaðar	12
2.8 Eignasala	15
2.9 Víkjandi lán frá eigendum	17
2.10 Lánaskilmálar	18

1 INNGANGUR

- Skýrsla þessi spannar árið 2011. Aðgerðaáætlun eigenda og OR „Planið“, fór formlega í gang í byrjun apríl og eru framvinda og töluleg gögn talin til 31. desember 2011. Í **töflu 1** má sjá yfirlit yfir aðgerðir Plansins.
- Planið er forgangsverkefni hjá OR og er mikil áhersla lögð á að bæta sjóðflæðið m.a. með því að finna sparnaðarleiðir og byggja upp „sparnaðarmenningu“ innan fyrirtækisins.
- Mælaborð í skýrslunni sýnir rauntölur ársins 2011 í samanburði við Planið á ársgrundvelli. Í mælaborðinu er notast við súlurit og töflu þar sem árangur er auðkenndur með grænum, gulum og rauðum litum. Planið kemur þó ekki til framkvæmdar fyrr en á F2.

Tafla 1

Aðgerðir	2011	2012	2013	2014	2015	2016	Alls
Frestun fjárfestinga vegna fráveitu		2.000	900		-2.000	-900	0
Lækkun fjárfestinga í veitukerfum	1.205	3.518	2.690	2.518	2.410	2.659	15.000
Lækkun fjárfestinga	250	200	200	200	200	200	1.250
Hækkun gjaldskrár	1.122	1.552	1.215	1.295	1.330	1.499	8.013
Lækkun rekstrarkostnaðar	300	900	900	900	1.000	1.000	5.000
Eignasala	1.000	2.000	5.100	1.900	0		10.000
Víkjandi lán frá eigendum	8.000		4.000				12.000
Samtals	11.877	10.170	15.005	6.813	2.940	4.458	51.263
Eignasala skv. samþ. fjárhagsáætlun	-375	-400					-775
Samtals aðgerðaáætlun	11.502	9.770	15.005	6.813	2.940	4.458	50.488

2 MÆLABORÐ


2.1 HEILDARÁRANGUR VERKEFNISINS

Heildarmarkmið (m.kr)	50.488.-
Markmið 2011	11.502.-
Árangur F4 2011	12.744.-

Heildarárangur 2011 er um 1.242 mkr. umfram áætlun tímabilsins. Mestur árangur er í lækkun fjárfestinga í veitukerfum auk þess sem flestir þættir verkefnisins ganga vel eins og sjá má í **töflu 2**. Einstakir liðir Plansins eru skýrðir nánar í næstu köflum. Eins og sjá má á **mynd 1** náðust markmið ársins en hagræðingar aðgerðir skiluðu 10,8% betri árangri en gert var ráð fyrir.

Áhrif ytri breyta eru neikvæð sem nemur 758 mkr. á tímabilinu. Nettó niðurstaða Plansins er því jákvæð sem nemur 484 mkr.

Planið 2011



Tafla 2

Planið	Planið 2011	Raun 2011
Frestun fjárfestinga vegna fráveitu	0	0
Lækkun fjárfestinga í veitukerfum	1.205.000	1.824.618
Lækkun annarra fjárfestinga	250.000	377.645
Hækkun gjaldskrár	1.122.000	1.128.458
Lækkun rekstrarkostnaðar	300.000	747.433
Eignasala	1.000.000	1.115.200
Víkjandi lán frá eigendum	8.000.000	7.925.360
Samtals	11.877.000	13.118.714
Eignasala skv. áður sp. fjárhagsáætlun	-375.000	-375.000
Samtals	11.502.000	12.743.714

Mynd 1 Áætlun og árangur 2011

2.2 ÁHRIF YTRI BREYTA F4


Tafla 3

Helstu forsendur	2011 Áætlun	2011 Raun	Áhrif á sjóðstöðu mkr.
Vísitala neysluverðs, breyting milli ára	1,9%	4,0%	-200
Vísitala byggingarkostnaðar, breyting milli ára	1,9%	6,5%	
Gengisvísitala, meðaltal tímabils	216,0 stig	217,2 stig	-185
Álverð, meðalverð tímabilsins	\$2.611	\$2.419	-517
Meðalvextir	1,88%	1,70%	144
Samtals			-758

- Ytri aðstæður, sem OR hefur ekki stjórn á, hafa mikil áhrif á ýmsa liði, sérstaklega fjármagnsliði. Þær markaðsbreytur sem hafa mest áhrif eru vaxtastig, gengispróun, álverð og vísitölur.
- Þrátt fyrir að ytri aðstæður hafi verið óhagstæðar á tímabilinu þá hefur það ekki haft samsvarandi áhrif á sjóðstreymi sem versnar um 758 mkr. frá áætlun tímabilsins.


2.2 ÁHRIF YTRI BREYTA FRH.

Eins og sjá má á mynd 2 virðist sem botninum sé náð hvað varðar notkun á raforku. Myndin sýnir meðaltalsbreytingu 12 mánaða tímabila. Raforkunotkun lækkaði mikið í kjölfar hrunsins en hefur svo jafnað sig. Aukning á notkun er 0,59% og á afloppum um 0,54%.



Mynd 2

Mynd 3 sýnir meðaltalsbreytingu 12 mánaða tímabila á notkun á heitu vatni. Aukningin skýrist fyrst og fremst af slæmu tíðarfari á H1 2011. Notkun á heitu vatni á árinu 2011 var um 74,7 milljónir rúmmetra. Aukin notkun leiðir til tekjuauka á næsta ári þar sem reikningar byggja á áætlun.



Mynd 3

2.3 FRESTUN FJÁRFESTINGA VEGNA FRÁVEITU


Heildarmarkmið (m.kr)	0.-
Markmið 2011	0.-
Árangur F4 2011	0.-

- Frestun fjárfestinga í fráveitu um tvö ár leiðir til þess að 2,9 milljarðar flytjast frá árunum 2012 og 2013 til 2015 og 2016. Heildarfjárfesting vegna fráveitu á fimm ára tímabilinu er því óbreytt en mun leiða til minni fjármagnskostnaðar á fyrri hluta tímabilsins. Tekjur af þessari fjárfestingu eru óverulegar þar sem aðallega er um stórt endurnýjunarverkefni á Vesturlandi að ræða.
- Þetta er afar mikilvægt þar sem stór gjalddagi afborgana er í apríl árið 2013, eða um 16 milljarðar króna.



2.4 LÆKKUN FJÁRFESTINGA Í VEITUKERFUM

Heildarmarkmið (m.kr)	15.000.-
Markmið 2011	1.205.-
Árangur F4 2011	1.825.-




Mynd 4

- Fjárfestingarráð Veitna forgangsraðar öllum verkefnum eftir mikilvægi. Tillögur fjárfestingaráðs, hver fyrir sig, þurfa endanlegt samþykki forstjóra.
- Á árinu 2011 var gert ráð fyrir að lækka fjárfestingar í veitukerfum um 1.205 mkr. Lækkun á árinu nam 1.825 milljónum króna. Það er um 620 mkr. betri árangur en áætlun gerir ráð fyrir.



2.5 LÆKKUN ANNARRA FJÁRFESTINGA

Heildarmarkmið (m.kr)	1.250.-
Markmið 2011	250.-
Árangur F4 2011	378.-



Mynd 5

Heildarmarkmið 2011 er lækkun um 250 mkr. Hér er um að ræða lækkun fjárfestinga t.d. í upplýsingakerfum og fasteignum. Lækkun á F4 nemur 378 mkr. sem er 128 mkr. meira en gert var ráð fyrir.




2.6 HÆKKUN GJALDSKRÁR

Heildarmarkmið (m.kr)	8.013.-
Markmið 2011	1.122.-
Árangur F4 2011	1.128.-

- Mynd 6 sýnir tímasetningu gjaldskrárhækkana sem hafa verið samþykktar en þær hafa flestar tekið gildi. Markmiðið er að ná um 5% arðsemi fráveitu og hitaveitu en þannig fæst fram tekjuaukning um rúmlega 8.000 mkr. á tímabilinu 2011 til 2016.
- Hækkun fráveitugjalda um 45% sem tók gildi 1. maí er áætlað að skila 30% hækkun á tekjum 2011.
- Hækkun hitaveitu um 8% sem tók gildi 3. maí er áætlað að skili 5,3% hækkun á tekjum 2011.


Samþykktar gjaldskrárbreytingar 2010-2012



Mynd 6



2.6 HÆKKUN GJALDSKRÁR, FRH



Mynd 7

- Markmið 2011 var að ná um 1.122 mkr. tekjuaukningu og hefur það tekist.
- Þessum áfanga er lokið þar sem allar hækkanir hafa verið samþykktar og flestar komnar til framkvæmda.
- Það hjálpar óneitanlega að verðlagshækkun hefur verið meiri en gert var ráð fyrir í upphaflegum forsendum sem leiðir til aukinna tekna á næsta ári.

2.7 LÆKKUN REKSTRARKOSTNAÐAR

Heildarmarkmið (m.kr)	5.000.-
Markmið 2011	300.-
Árangur F4 2011	747.-



Mynd 8


- Hagræðingarkrafa á rekstrarkostnað, fyrir utan orkukaup og afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna er 5.000 milljónir króna á árunum 2011 til 2016. Á árinu 2011 var gert ráð fyrir að lækkun rekstrarkostnaðar nemi um 300 milljónum króna. Rekstrarkostnaður er 447 milljón krónum lægri en áætlun gerir ráð fyrir á F4 2011.
- Kostnaður vegna gjaldfærslu áfallinnar lífeyrisskuldbindingar, breytingu orlofsskuldbindingar og niðurfærsla birgða var 139,5 mkr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir en þessir liðir hafa ekki áhrif á sjóðstreymi þar sem um reiknaða stærð er að ræða.
- Mikil áhersla er á að auka kostnaðarvitund starfsfólks á öllum stigum rekstrar og er árangur að skila sér hraðar en áætlanir gerðu ráð fyrir.

2.7 LÆKKUN REKSTRARKOSTNAÐAR, FRH

FÆKKUN STARFSFÓLKS - LAUNAKOSTNAÐUR


- Áætlað er að starfsfólki OR fækki um 90 manns á árunum 2011-2016.
- Um 55 starfsmenn OR ná sjötugsaldri á tímabilinu og munu því láta af störfum fyrir aldurs sakir. Öllu starfsfólki sem náð hafa 63 ára aldri í árslok 2011 hefur verið boðið flýtt starfslok.
- Fyrir utan þann hóp sem lætur af störfum fyrir aldurs sakir var reiknað með að almenn starfsmannavelta leiði til fækkunar um 35 manns til viðbótar, þ.e. með fækkunum vegna skipulagsbreytinga og eðlilegum hreyfingum úr starfi.
- Ekki er ráðið í stað þeirra sem láta af störfum nema að nauðsyn krefji. Nú þegar hefur starfsfólk verið flutt til á milli starfa innan OR eftir því sem þörf er á og vinna hefur verið lögð í lykilmannagreiningu og færnipörun.
- Á árinu hefur fastráðnum starfsmönnum OR (móðurfélags) fækkað um 68. Í lok árs voru starfsmenn 427.
- Launakostnaður er 153 mkr. lægri en gert var ráð fyrir í áætlun eða sem nemur 3,5% .
- Starfsfólk samstæðu OR hefur fækkað um 154 frá árinu 2008 þegar mest var og er starfsmannafjöldinn nú orðinn 453 sem er minna en áður hefur þekkt.
- Markmiði um 90 starfsmanna fækkun var náð í lok febrúar 2012 sem er mun fyrr en gert var ráð fyrir.

Fastir Starfsmenn OR (móðurfélag) í virku starfi



Mynd 9

Fjöldi fastráðinna starfsmanna OR (samstæða) í árslok




Mynd 10

2.7 LÆKKUN REKSTRARKOSTNAÐAR, FRH


LÆKKUN FRAMLAGA OG STYRKJA OG KOSTNAÐAR VIÐ MATVÆLI

- Meðal hagræðingaraðgerða sem farið hefur verið í á undanförunum árum er lækkun á framlögum og styrkjum. Þar hefur náðst góður árangur á árinu 2011.

- Kostnaður við matvælainnkaup hefur lækkað umtalsvert síðan árið 2008.
- Lækkun matvælakostnaðar á árinu 2011 lækkaði um 31 mkr frá fyrra ári.



Mynd 11



Mynd 12

2.8 EIGNASALA

Heildarmarkmið (m.kr)	10.000.-
Markmið 2011	1.000.-
Árangur F4 2011	1.115.-

Á F4 hafa verið seldar eignir fyrir 1.115 mkr. Seldar voru fasteignir og jarðir sem ekki tilheyra kjarnastarfsemi OR fyrir 699 mkr. Einnig hafa hlutdeildarfélag verið seld fyrir 345 mkr., auk þess sem ýmsir lausafjármunir og efni voru seld fyrir 72 mkr. Þar með náðist heildarmarkmið ársins.

Tafla 5

	Brunabótamat	Fasteignamat	Innra verðmat	Ytra verðmat	2011 alls	Athugasemdir/staða
Fasteignir og jarðir						
Skemma við Andakílsárverkjun	11,30	5,20	10,0	5,0	5,3	Undirritað og greitt
Árnes, starfsmannahús Andakíl	30,10	15,90	15,60	13,0	16,2	Undirritað og greitt
Berserkseyri og Berserkseyri ytri	56,60	16,30	70,0	70,0	75,0	Undirritað og greitt
Almannavarnaskýlið í Mosfellsdal	65,60	35,50	30,0	30,0	27,0	Undirritað og greitt
Hótel Hengill	221,60	72,20	220,0	200,0	195,0	Undirritað og greitt að hluta
Hvammur og Hvammsvík	29,60	95,25	260,0	160,0	180,0	Undirritað og greitt
Úlfjótsvatn	111,70	33,0	500,0	200,0	200,0	Undirritað og greitt (87.5%)
Samtals fasteignir og jarðir	526,50	273,35	1.105,60	678,0	698,5	
Sala lausafjármuna (efni og tæki)					71,7	
Hlutdeildarfélag						
Enex Kína					345,0	Undirritað og greitt að hluta
Hlutdeildarfélag alls					345,0	
Eignasala alls					1.115,2	

2.8 EIGNASALA, FRH


Yfirlit yfir aðrar eignir í sölufarli á árinu 2011

- Húsnæði Minjasafns OR í Elliðaárdal. Kaupsamningur með fyrirvörum sem ekki var aflétt.
- Perlan. Tilboð voru opnuð 18. október 2011. Viðræður standa yfir við hæstbjóðanda sem skilaði inn tilboði að fjárhæð 1.677 mkr. og verið er að skoða fyrirvara tilboðs. Skrifað hefur verið undir viljayfirlýsingu við hæstbjóðanda um frest til að aflétta fyrirvörum til 31. mars 2012.
- Unnið er að undirbúningi sölu á fasteignum við Bæjarháls, jarðarpörtum í Ölfussi og jörð við Ölfusvatn (Þingvallavatn). Bæjarháls er í sölufarli og hefur verið auglýst til sölu eða leigu í fjölmiðlum undanfarið.

Framvinda sölufarlis hlutdeildarfélagi á eigu Reykjavík Energy Invest ehf. (REI)

- Iceland America Energy Inc. Allar eignir félagsins hafa verið seldar og er fyrirtækið í slitaferli. Áætlaðar endurheimtur REI eru á bilinu 0-30 mkr. Endanleg niðurstaða ætti að liggja fyrir í lok þessa árs.
- Enex Kína ehf. og Envent holding ehf. Skrifað hefur verið undir kaupsamning á eignarhlutum REI í báðum félögum. Gert er ráð fyrir fullnaðaruppgjöri í maí 2012.

Eignasala 2011



Mynd 13

2.9 VÍKJANDI LÁN FRÁ EIGENDUM

Heildarmarkmið (m.kr)	12.000.-
Markmið 2011	8.000.-
Árangur F4 2011	7.925.-

Eigendur samþykktu að veita OR víkjandi lán, 8.000 mkr. í apríl 2011 og 4.000 mkr. árið 2013. Reykjavíkurborg og Akraneskaupstaður hafa greitt sinn hluta lánsins á tilsettum tíma, samtals 7.925 mkr., en Borgarbyggð greiddi sinn hluta, 75 mkr., á fyrsta ársfjórðungi 2012.

Norræni fjárfestingabankinn (NIB), lækkaði vaxtaálag í samræmi við lánaskilmála á 1. ársfjórðungi 2012.



2010 © Dagfa Mar Pálsson/SÍP r12541893000/0.mal.sgl/ast/Mesa

2.10 LÁNASKILMÁLAR

Í lánasamningi OR og eigenda eru fjórir skilmálar sem gera verður grein fyrir ársfjórðungslega hvernig standi. Í **töflu 6** má sjá árangur gagnvart þessum mælikvörðum í lok H1. Allir mælikvarðar eru í samræmi við áætlun eða umfram væntingar.

Tafla 6

OR móðurfélag

í mkr.	Raun	Markmið	Frávik	Frávik %
Rekstrarútgjöld	7.486	7.934	447	5,6%
Handbært fé í lok tímabils	1.580	1.416	164	11,6%
Notkun lánalína	609	609	0	0,0%
Hækkun gjaldskrár	1.128	1.122	6	0,5%